þess sem eg þarf, og þaned það nú ekki er svo fátt sem eg nú ágirnist sumt af því að eg þarf þess, og sumt af því mig langar til að eiga það — þá muntu nú sjá langa romsu. Fyrst er nú það að eg á ~~[illegible]~~ enga sterka og staðgóða hversdags vaðmálstu, ergo þarf ~~[illegible]~~ eg hennar; í hana þarf nú þrjár álnir. Svo langar mig ógn til að eiga fallega dömalaust fallega svuntu til að brúka með klæðisfötunum mínum — því í annan gaf hún systir mín mér í klæðisföt sem eg er búinn að sauma og ætlaði að brúka þau í suður ferðina hefði hún orðið — með peirri sem hún Soffía sendi mér í fyrra haust ef eg fengi nú þessa þá langaði mig til að það væri í henni klárt tau (það er mig ekki dýnt) og svo bönd til hennar; þetta er nú hálfvegis í þanka. Í fyrra sumar gafst því mér fallegan háladúk en henni þuríði systir þótti hann fallegur svo eg gaf henni hann, nú á eg engan fallegan svo að því sé rétt að eg nú þarf dúk á stallinn minn góða. ~~[illegible]~~ Svo þarf eg nú fjórar álnir af einhverjum silki böndum (já eg skrifa nú henni Fríu minni það) En nú ætla eg að segja þér frá einu: eg á nú ~~[illegible]~~ engan annan kjól heldur en þann sem þú gafst mér í hitteðfyrra vor, og nú þyrfti eg ef mikið á mig legði að leysa út og þokkalega sirtsi sem er egta; því ræður því annars ætlaði minn og ef eg ekki á nóg fyrir því á láttu það mæta afgángi. Sérða nú hvað eg get funcklað sagt að mig vanti, en það er satt sem eg segi þér. ~~[illegible]~~ eg legði að mig vantar fallegan borða um skúffið.

Mikið langar mig til að fara suður með Gram, er það nú annars ekki von til? eg mátti það en eg vildi það ekki þegar hún systir mín ekki fór líka, svo þótti mér svo ljótt að eg sem ekkert einnáti hafði, skyldi vera að því flakki þegar svona hart er í ári og svo að liggja í Keflavík eg veit ekki hvað lengi þá fer nú gaman að fara af stað þegar eg lít á skemturnina sem eg hefði getað haft af það koma í Reykjavík og sjá þig